

Góðir fundarmenn:

Kvennaframboð eða ekki kvennaframboð. Það ræðst í dag, hér á þessum fundi. Það hafa dunið á okkur margar spurningar frá því að það kvisaðist um bæinn sð einhverjar konur væru að ræða hugsanlegt kvennaframboð til borgarstjórnar í Reykjavík. Að þetta að verða þverpólítískt framboð? Verður þetta róttækt framboð? Af hverju í ósköpunum látið þið ekki reyna á það innan flokkanna hvort konur komast þar áfram? Hvers vegna kvennaframboð og hvað viljið bið eiginlega?

Já, hvað viljum við, því ætla ég að reyna að svara hér á eftir og ég ætla að rökstýðja hvers vegna við teljum nauðsynlegt að konur taki höndum saman og grípi til róttækra aðgerða, til þess að höggva skarð í Kínamúr íslenska karlveldisins, sem umlykur okkur á allar hliðar.

Hvað viljum við? Við viljum fleiri konur í borgarstjórn, ekki vegna bess eins að þær eru konur, heldur ~~til bess að konur eigi har fleiri málsvare~~, til bess að baráttumál kvenna eigi greiðari leið gegnum kerfið. Konur, til að breyta áherslum í borgarmálum, til bess að sjónarmið og reynsla kvenna fái að koma fram og síðast en ekki síst til að rjúfa þá einangrun sem konur búa við. ~~þaum~~ I fáum orðum sagt: við viljum betri og manneskjulegri borg.

Við hljótum að ganga út frá stöðu kvenna í borginni þegar við vegum og metum kosti og galla kvennaframboðs. Hvernig líf býður borgin upp á, hvernig líður börnum og fullorðnum hér, hver er hlutur kvenna í borgarlífinu?

Hvert sem við lítum blasir við valda- og áhrifaleysi kvenna. Við Austurvöll situr alþingi ~~í gömlu og virðulegu hási~~. Þar inni ~~þá~~ 3 konur innan um 57 karla. Ekki þarf lengi að horfa á ríkisstjórnina til að sjá að þar er engin kona og hefur aðeins ein kona gegnt ráðherraembætti hér á landi. Beinum við sjónum að stjórnkerfinu og skrifstofum borgarinnar sjáum við að þar sitja karlar á valdastólunum, ~~en~~ konur ^{og} fast eru við ritvélarnar. I sveita stjórnnum á landinu eru 71 kona á móti 1076 körlum, eða rúm 6%. Saga til næsta bæjar að árið 1908 voru 4 konur kosnar í bæjarstjórnina í Reykjavík af kvennalista, hefðu reyndar orðið 5 ef fleiri hefðu verið ~~a þamloch~~, en nú 73 árum síðar eru 3 konur í borgarstjórn. Ekki er ástandið betra í verkalyðshreyfingunni. Prátt fyrir að konur séu yfir helmingur félaga ASÍ, eru aðeins 2 konur í miðstjórninni. I stjórn Vinnuveitendasambandsins er engin kona.

Hvers vegna er ástandið svona? Er það vegna þess að konur hafa sig ekki í frammi? Kannski gildir það um einstaka konu~~s~~, en við vitum ~~hva~~ ósköp vel að flestar konur búa við mikið vinnuálag, ábyrgðin á börnunum og heimilinu hvílir á þeirra herðum, auk vinnu utan heimilis. En það er fleira sem kemur til. Valdastofnanir þjóðfélagsins eru konum lokaðar, það kemst ekki nema ein og ein þar inn fyrir dyr, ~~svona til málamynda, og ekki vantar að á þær sé bent, sjáin þín bara, segið bið svo að konur hafi ekki áhrif.~~ Allir stjórnmálaflokkar eru karlstýrðir og hafa verið frá upphafi ~~væga~~. Þar ríkja skipulag og starfshættir sem gera konum erfitt fyrir, það má t.d. nefna fundartímann, sem miðast við þá sem geta farið beint heim í kvöldmatinn. Þá er ónefnt að karlmönnum hefu tekist að gera stjórnmál svo leiðinleg að þjóðin stynur og hleypu í bíó í hvert sinn sem þeir háu herrar leggja undir sig sjónvarps eða útvarpsdagskrána. Það er varla að maður bori að stinga upp á því að konur taki þátt í stjórnmálum af ótta við að þær muni drep ast úr leiðindum, en verðum við ekki að taka á okkur rögg og reyn að breyta þessu?

Þær konur sem hafa tíma til félagsstarfa velja sér annan vett ~~en stjórnmálaflokkana~~ vang til starfa og hann ekki ómerkan. Því er oft haldið fram að konur séu óvirkar, en ég vil minna á að ein fjölmennstu fálagsamtök landsins eru Kvenfélagasamband Íslands með rúmlega 26 þús. félaga. Þar hafa konur ~~værit~~ um áratuga skeið fengist við að bjarn félags- og heilbrigðismálum í landinu, með því að safna fé til sjúkrahúsa, lækningatækja, leikvalla, dagheimila og mætti lengi telja öll þeirra verk. ~~En hvernir er minnst á þau?~~ Konur vilja sjá árangur af starfi sínu, þær vilja vinna öðrum til góðs, en ekki eyða tímanum í eilífa valdabaráttu, makk og bras.

Ef við kënnum stöðu venjulegra vinnandi kvenna utan sem innar heimili~~s~~, sjáum við þær ekki dansa á rósum. Það er staðreynd að mikill meiri hluti kvenna vinnur utan heimilis. Síðustu tölur sem ég hef handbærar eru frá árinu 1977, en þá unnu 74% giftra kvenna utan heimilis, en hvernig er að þeim búið? Árið 1979 náðu aðeins 3% giftra kvenna meðaltekjum, meðan 61% karla náðu því marki. Ég þarf ekki að tíunda hér staðreyndir um láglaunahópa og langan vinnudag sem einkennir líf flestra kvenna, en þessi staðreynd um launin segir okkur ~~hva~~ að konur búi við bág kjör, varla fjárhagslegt sjálfstæði og fjárhagslega ósjálfstæð manneskja er ekki frjáls manneskja.

Kannski skýrir það fyrir einhverjum hvers vegna við viljum sérstakt kvennaframboð að segja hér frá konunni sem átti frumkvæði að umræðunum um ~~kvennaframboð~~ ^{hva} sem hófust sl. vor. Hún er

tveggja barna móðir og stendur ásamt manni sínum í íbúðarkaupum. Hún barf að hlaupa - í þess orðs fyllstu merkingu - heim í hádegi alla virka daga til að gefa eldra barninu að borða og koma því aftur í skólann á réttum tíma. Þegar skólanum lýkur verður barnið að sjá um sig sjálft þar til foreldrarnir koma heim. ~~Hvar~~ ~~getur~~ ~~það~~ ~~verið?~~ Hitt barnið er á leikskóla fyrri hluta dagsins, en er komið upp á náð og miskunn ættingja og vina seinni partinn, ~~Hvar~~ ~~at~~ ~~tti~~ ~~bað~~ ~~annars~~ ~~að~~ ~~vera?~~ Þessi kona er þjókuð af sektarkennd ^{eins og} ~~vegn~~ ~~utan~~ ~~heimilis~~ ~~við kemdu~~ fullan vinnudag ^{og} ~~Log~~ ~~pão~~ gerir faðirnn líka. Meðan hún vinnur sækja að henni hugsanir um eldra barnið. Hvar er það? Fer það sér að voða? Hvað gæti ekki komið fyrir? Niðurstaða hennar var: Petta er óbolandi ástand. Konur ~~xerumxxix~~ við verðum að gera eitthvað sjálfar til að breyta þessu, það gerir það enginn annar, hvers vegna ekki að bjóða fram til að vekja athygli á aðstæðum kvenna?

~~ðg~~ Þar með erum við komnar að kjarna málsins. Borgarstjórnin er vald tæki sem hefur áhrif á daglegt líf okkar. Með réttum aðgerðum á réttum stöðum getur hún unnið að því að auðvelda fólk lífið, með því t.d. að fullnægja dagvistarþörfinni, því enn sem komið er duga plássin ekki einu sinni fyrir forgangshópana, með því að sinna skólabörnum betur, með því að bæta samgöngur og skipulag borgarinnar svo eitthvað sé nefnt. En - það er hvorki vilji né skilningur fyrir hendi meðal ráðamanna, þess vegna þurfa konur að koma sjónarmiðum sínum að. Við sjáum að þrátt fyrir ~~MJ~~ að bjóðfélagsæðstæður hafi breyst gífurlega með útivinnu kvenna hefu borgin hvergi nærri mætt þeim breytingum sem skyldi með aukinni ~~og~~ ~~borlmanns~~ ~~hafa~~ ~~ekki~~ ~~leikið~~ ~~að~~ ~~síð~~ ~~sum~~ ~~hlíka~~ ~~aborg~~ ~~um~~ félagslegri þjónustu. Það er eins og það sé reiknað með því að ~~en~~ ~~bæ~~ einhverjar konur séu heima til að sinna börnunum, meðan þær eru þar alls ekki. Skóladagur barna er sundurslitinn og engin aðstaða er fyrir börn fram að þeim tíma er foreldrarnir koma heim. Krakkarnir nærast á snúðum, kók, súkkulaði og pulsum, enda sýndi könnu Landlæknisembættisins sem kynnt var sl. vetur að mörg börn þjást af næringarskorti. ~~Hvar~~ ~~í~~ ~~velferðinni~~. Börnin verða að sjá um sig sjálf, foreldrarnir mega varla vera að því að tala við þau, ~~enda~~ ~~það~~ hefur komið í ljós, þar sem kannað hefur verið, að málþroski barna er afar bágborinn. Það er staðreynd að fjöldi barna og unglings á við félagsleg vandamál að striða og þau fara vaxandi. Er þetta forsvaranlegt? ~~Erx~~ ~~xx~~ ~~xx~~ ~~xx~~ ~~xx~~ ~~xx~~ Pennan vanda þekkja margar konur, en því miður það er ~~mat~~ ~~glænchuggr~~ karla sem alls staðar ræður ferðinni í hrópandi ósamræmi við aðstæður.

Enn má nefna atriði sem ekki skiptir konur minnstu en það er mat á störfum þeirra. Konur sinna andlegri og líkamlegri

velferð barna og fullorðinna. Það fellur í þeirra hlut að koma þeim kynslóðum á legg sem eiga að erfa landið, svo notað sé hátiðlegt orðalag og þær gera það ekki að eins heima fyrir, heldur á fæðingarstofnunum, sjúkrahúsum, dagvistarstofnunum og í skólunum. Alls staðar eru konur að vinna þau störf sem raunverulega skipta mestu málí og eru einn megin tilgangur lífsins: að koma næstu kynslóð til manns. En hamingjan sanna hvað þessi störf eru lítils metin::: Hvað er ekki tekið fram yfir það að fóstra, kenna og hjúkra? Það þarf svo sannarlega að knýja fram nýtt starfsmat, þar sem ábyrgð á mannlífum er meðtín meir en fjármagn sem um hendur fer. Það er nefilega hægt að leiðrétt flest þau mistök sem gerð eru í skipulagningu og stjórnun, en misheppnað uppeldi heillar kynslóðar verður ekki aftur tekið. Þar berum við þunga ábyrgð á herðum og ég spyr enn, hvað er mikilvægara en mannlífið sjálfst.

A undanförnum árum hefur umræða um jafnrétti kynjanna beinst mjög að þeim konum sem vinna utan heimilis, enda misréttið augljóst á þeim vettvangi. Hinar sem heima vinnar hafa fallið í skuggann, en það eru störf kvenna inni á heimilunum sem gera það að verkum að hægt er að reka þetta þjóðfélag frá degi til dags. Hvar staðu þeir karlmenn sem deila og drottna yfir okkur öllum, ef þeir hefðu ekki konu að baki sér til að sinna daglegum þörfum þeirra, hugsa um börnin, halda heimilinu gangandi, sjá um að þeir eigi hrein fót til skiptanna, að þeir fái að borða þegar þeir loksns koma heimaf fundum seint og um síðir? Það eru þessar konur sem gera körlum kleift að taka þátt í pólitísku starfi, en konur hafa ekki slíkan bakhjarl. Þær verða að bæta á sig enn meiri vinnu, eða ráða aðra konu til að sinna heimilinu, vilji þær taka þátt í móturn samfélagsins. ~~Vitið bið til þess að~~ ~~þáttum frammakaxkvenna~~ ~~þetta ólau~~ aða vinnuframlag kvenna ~~hafi verið~~, metið að verðleikum. Ekki ~~veit~~ ~~heyrpt þessi~~ ~~veit~~ ~~eg til þess~~, en ~~mitt veit~~ ~~eg til~~ ~~margum xkannum xkinnist xkinnist xkannum xkinnist~~ ~~þess~~ margar konur eru fullar af vanmáttakennd yfir því að vera bara húsmæður. Er þetta réttlætt? Verðum við ekki að breyta þessum

Nú er það ekki ætlun míni að bera hér á borð eintóman barlómum það hve konur hafi bað skitt, það er margt gott sem fylgir því að vera kona og ekki vildi ég skipta, en við hljótum þó að taka mið af þeim ~~austrællum x sem x hóku~~ staðreyndum sem blasa við okkur.

bannig að spurt sé hvernig ~~bað~~^{pau} bjóni hagsmunum fjölskyldunnar ~~og heimilanna~~. Það á ekki að sveigja mannlífið undir þarfir býlsins, tækninnar, atvinnulífsins og fræmleiðslunnar heldur á ~~að~~^þetta bjónar ~~i~~^á þá betra mannlífa.

Nú vitum við vel að konur eru ekkert sammála um alla hluti og þær hafa mismunandi afstöðu til lífsins. Og við vitum líka að þau mál sem ég hef reifað hér að fíaman er margra hverra getið fögrum orðum í stefnuskrám flokkanna, en þegar að framkvæmdunum kemur gleymast loforðin fljótt. Það er skoðun okkar að konur geti og eigi að sameinast um þau mál sem snerta jafnt konuna sem viðnu í Ísbirninum, kennir í Breiðholtinu, ~~eda er kennanumandi~~ vinnur á skrifstofu hjá ríkinu. Það er fleira sem sameinar konur en sundrar. Kvennaframboð er leið til að koma konum til áhrifa, það skiptir kannski ekki sköpum, en það væri skref í rétta átt. Hvað síðar tekur við verður framtíðin að skera úr um.

Kvennaframboð er í eðli sínu róttækt, vegna þess að það sker á allar línum. Við höfnum orðinu ~~þverpólítiskt~~, betta á að verða kvennapólítiskt framboð og það er einlægur vilji okkar að ná til sem flestra kvenna. Við stöndum á krössgötum í jafnréttisbaráttunni. Við getum sest niður og látið allt dankast, við getum sveigt inn á breiða veginn og sett okkur við að þokast eitt og eitt örstutt spor í jafnréttisáttina, en við getum líka farið beint af augum, brotið niður yegatálmann fíamundan og gengið þróngu veginn ~~lis ad boka hag alla heima~~. Sjálf þið ekki hvað það væri skemmtilegt að demba sér í slagiinn?

Pví er stundum varpað fíam hvort það sé ekki einangrunarstefna að fara út í kvennaframboð. Pví vil ég svara svo, að konur eru einangrað, þeim er haldið úti í kuldanum, ~~Kvennaframboð er tilraun til að~~ rjúfa einangrun kvenna. Auðvitað stefnum við að því að vinna við hlið karla, en eins og er hlusta ~~karlmenn~~ bara ekki á okkur. Vonandi verður kvennaframboðið til þess að hrista ærlega upp í ~~karlmennum~~, svo að þeir opni allar dyr og skilji að óbreytt ástand gengur ekki lengur. Við þurfum að grípa til kvennaráða, ~~en auðvitað viljum við starfa með öllum þeim sem takar~~ vel undir hugmyndir okkar.

Hvað er það svo sem við viljum gera í borgarstjórninni? Að hverju skal stefnt? Það hefur komið fram að um 80% af tekjum borgarinnar fara í daglegan rekstur, en 20% í framkvæmdir. Þetta þykir borgarfulltrúum að vonum lítið, en þeir treysta sér nú samt til að gefa mörg og fögur kosningaloforð, svo að eitthvað ættum við að geta gert. Nú tala ég eins og ég húist við meirihluta í borgarstjórninni, ég er nú ekki svo bjartsýn stefnan verður að vera skýr.

Sú grundvallarhugmynd sem við höfum gengið út frá er, að stefnt skuli að því að auka bein áhrif íbúanna á skipulag og framkvæmdir í sínu hverfi. Það dugar hvergi nærri að setja x á blað á fjögurr ára freftsti. Við viljum valddreyfingu og hana þarf að tryggja með laga- og reglugerðarbreytingum. Við viljum að fólk geti valið í bessari borg. Valið hvernig það vill búa, ~~I einkahúsnæði eða sem leigjendur, en að því sé ekki þróngvað inn í lífsform sem það kærir sig ekkert um.~~ ~~Við viljum að fólk eigi kost á að velja um það að vinnna utan eða innan heimilis, þeir karlar og konur, en þi miður er það ekki á valdi borgarinnar að stytta ~~xinnmtímu~~ þann langa vinnudag sem hér ríkir.~~ Borgin getur haft áhrif með því að auðvelda fólk að eignast eða leigja húsnæði, með því að byggj ódýrar sem vissulega er hægt, með því að efla samvinnubyggingafélög og með því að gefa kost á annars konar húsnæði en þessum stöðluðu fjölskylduþúðum. Það er staðreynd að fjölskyldugerðin hefur breyst í tímanna rás. I Noregi eru ~~fjar heimili~~ fjölskyldur sem samanstanda af karli, konu og börnum komnar í minnihluta og sennilega er ástandið ekki ósvipað hér þótt tölur liggi ekki fyrir. Það verður á algengara að einstaklingar búi einir sér aða nokkrir saman, með eða án barna, einstæðir foreldrar með börn eru fjölmargir og aldraðir þurfa íbúðir við sitt hæfi. Margir vilja húsnæði sem gefur kost á samvinnu og ~~xinnmtímu~~ sameiginlegum rými t.d. fyrir börn og tómstundastarf. Sliku hefur verið tómlega tekið af yfirvöldum og þeir sem vilja reyna eitthvað nýtt, verða að leita út fyrir bæinn. Fólk á sjálft að hafa áhrif á mótu síns húsnæðis og umhverfis, ~~það þarf að tryggja öryggi leigjenda,~~ ~~Nog~~ ~~leifjum með~~ ~~Fyrir efasendum gagnvart því miðstýrða kerfi sem hér er komið á íbúðarmálum. Folk á að geta valið hvernig það vill lifa.~~

, Þá eru það skipulagsmálin. I hvernig borg viljum við lifa? Viljum við þéfta byggð eða halda áfram að teygja okkur út í næsti sveitir?) Viljum við greiðar samgöngur? Vinnustaðina nær heimilum og dagvistarstofnanir nær vinnustöðum, að öryggi barna verði tryggt í umferðinni, að dregið verði úr umferðahraða í íbúðarhverfum og hindranir lagðar í veg fyrir bíla þar sem börn eiga leið um. Viljum við loka götum fyrir bílaumferð? Öllu þessu svörum ~~en~~ ~~og~~ ~~verða mynd eigin að geta ráðit þessu~~ við játandi, ~~en skipulagsmálin eru stórmal og þurfa að athugasast~~ ~~þessu~~

Við viljum að dagvistarþörfin verði könnuð í borginni, en það veit enginn hver hún er í raun og veru eða hvernig konur fara að því að leysa þau mál hver og ein. Við stingum upp á ódýrari lausnum við byggingu dagheimila. Það má benda á að úti á Sel-tjarnarnesi reis dagheimili á 6 mánuðum, en Reykjavíkurborg er

mörg ár að mjaka áfzam dagheimilunum, enda meiriháttar byggingar. Er það í okkar verkahring að reisa hús sem eiga að standa í 200 ár, meðan þörfin er svo brýn og hægt að vinna verkið á mun skemmr tíma og á ódýrarí hátt? Það verður að fullnægja dagvistarþörfinni og veita foreldrum meiri áhrif á innra starf dagvistarstofnana. Það þarf að rýmka reglur um dvalartíma barna og ekki veitir af að fjölga starfsfólki á dagvistarstofnunum. Við viljum sem sagt ~~þegg~~ áherslu á að það starf sem unnið er á dagvistarstofnunum er eitt hið mikilvægasta sem unnið er í þessu þjóðfélagi og það hvílir mikil ábyrgð á þeim konum sem það vinna. Við viljum að skóladagur heimilum verði fjölgað stórlega, að börn fái aðstöðu í skólunum fram eftir degi þar til foreldrar koma heim, og ~~attu borgaryfirvöld~~ þá ekki að hafa ástæðu til að kvarta ~~lenkr~~ yfir slæmri nýtingu skólahúsnæðis. Mötuneytum þarf að koma á í öllum skólum, það má áreiðanlega spara margt með því að bæta úr vannæringuunni, svo ~~sen~~ tannlækningar, og ~~skemmdir~~ sem hungraðir unglingsar valda meðan heir bíða þess að komast í sjóppuna, Skólinn sinnir í dag aðeins fræðsluhlutverki sínu, en ekki því uppeldishlutverki sem honum er atlað.

Unglingar

Málefni unglings er akpituli út af fyrir sig. Þóim er ekki atlað að axla neina ábyrgð, þó mega sífellt vera að dúlla eitt-hvað, ýmist í skólanum sem greinilega fullnægir ekki þörfum þeiri eða í tilbúinni sumarvinnu sem er illa borguð og þau sjá tæplega nokkurn tilgang í. Við viljum að unglingsar eignist samastað, undir þaki, þar sem þau geta rabbæð saman og verið í friði, ekki stað þar sem eilíflega á að leika borðtennis eða syngja skátsöngva, þó að það henti að sjáflsögðu sumum. Unglingsar verða að kynnast lífinu, svo að þau standi ekki berskjöldanum einn góðan veðurdag frammi fyrir alvöru ~~fylkorum~~ ~~lifssins~~. Við viljum veita unglungum alvarlega ~~skapandi~~ vinnu, sem gerir kröfur til þeirra, t.d. að sinna neytendajónustu fyrir borgarana, að mala og gera við girðingar, sjá bletti, ~~sin~~ heimilispjónustu o.fl. fyrir almennileg laun.

Samgöngumál borgarinnar þurfa svo sannarlega hressingar við. Ef ég væri spurð að því fyrir hvern Reykjavíkurborg væri, myndi ég svara: einkabílinn. Ekki veit ég hvort þið eruð mér sammála, en ég held að við verðum að viðurkenna að bíllinn er að leiða okkur í ógöngur. Það er gífurlega dýrt að halda við vegakerfinu, og umferðarþunginn ~~er~~ ~~er~~ ~~er~~ ~~er~~ ~~er~~ og ~~er~~. Ef þið lítið yfir svæðin við Háskólan, Tjörnina, Grjótaþorpið, Tollstöðina og Kalkofnsveginn þá er þar að sjá bílahaf, sem bara ~~stendur~~ ~~þar~~ þarna frá 9-5. Er þetta nauðsynlegt? Hvað haldið þið að væri hægt að spara ef almenningsamgöngur væru betri og menn ~~spurðu~~ ~~þar~~ einkabílana í

í ferðum milli heimilis og vinnustaðar. Það er ekkert grín fyrir gangandi fólk að olnboga sig áfram eftir gangstéttunum þegar bílar keyra inn á þær miðjar og hvernig á að komaðast um með barnavagn? Komumst við hjá því að horfast í augu við sama vamda og aðrar þjóðir ^{jan} orkan verður æ dýrari og að við göngum jafnt og þétt á auðlindir jarðarinnar, svo nú sér í botn. Á hverju eiga komandi kynslóðir að lifa ef græðgin í okkur étur allt upp? Verður við ekki að skera niður, beita skynseminni og og hætta að eyða um efni fram. Með bættu skipulagi væri t.d. hægt að draga mjög úr akstri einkabíla og þar með að spara bensín, malbik og auka endingu bíflanna, að ekki sé minnst á minni hávaða og minni mengun. Er það ekki í verkahring borgarinnar að hvetja íbúana til hagsýni, ~~og~~ til að bæta mannlífið? Það viljum við gera. Við viljum hvetja til fyrirbyggjandi starfs hvað varðar öryggi, heilsugæslu, umhverfisvernd, allt þetta sem þarf ekki að kosta svo mikið, en gæti sparað drjúgan skilding. Það kom fram fyrir skömmu að umferðaslys kosta um helming af rekstrarkostnaði Borgarspítalans. Hvað væri ekki hægt að gera ef vilji væri fyrir hendi, með áróðri og öryggisaðgerðum.

Eg gæti haldið áfram í allan dag að telja upp ~~mál~~^{verk} sem við gjarnan viljum látna, en mál er að linni. Við höfum látið gamminn geisa í sumar og haust, jafnvel látið okkur detta í hug að borgin gengi á undan með góðu fordæmi og stytti vinnutíma starfsmanna sinna, en slikt er auðvitað loftkastalasmíð við núverandi aðstæðu. Eg vil að lokum nefna mál sem við viljum að konur beiti sér fyrir en bað, er, að koma upp neyðarathvarfi fyrir konur sem beittar eru ofbeldi. Ofbeldi ~~er~~ miklu meira en við gerum okkur grein fyrir, en því miður hafa litlar umræður orðið um þau mál hér. Í Noregi má finna slikt afgrep á nánast hverju krummaskuþi, en hér eiga konur sem flýja að heiman ~~ekki~~^{ligg} í neitt hús að venda og reyndar má hið sama segja um unglings.

Eg hef aðeins drepið á nokkur mál sem snerta starfssvið borg stjórnar, ég vil taka það skýrt fram að hér ar aðeins um hugmyndi okkar að ræða. Verði ákveðið að stefna að kvennaframboði, kemur það í hlut þeirra sem að því vinna að móta endanlega stefnu, anna væri ekki lýðræðislegt.

Eg vona að það fari ekkert á milli mála að okkur er fullkominn alvara, við erum ekki að reyna að stríða stjórnmálflokkunum, kvennaframboð er auðvitað mótmæli, en það er líka spurning um stefnu. Hvers konar mannlífi viljum við lifa? Á hvað viljum við leggja áherslu? Viljum við halda áfram á braut æ meiri einangrunar

og áhrifaleysis einstaklinganna á umhverfi sitt, eða viljum við vinna saman til að skapa okkur öllum betri lífsskilyrði? Sjónarmið karla, sem flest miðast við heiminn utan fjölskyldunnar hafa allt of lengi ráðið ferðinni, nú er komið að okkur konum að láta til okkar taka. Bærinn er fullur af konum sem gætu stjórnat~~Reykjavík~~ með sóma. Við höfum allt að vinna og engu að tapa.~~nema tiltekkjunum.~~